

sjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 10 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1929.

Nr. 28/1928. **Sveinn Jón Ásmundsson** (L. Fjeldsted)
 gegn
**lögreglustjóra Reykjavíkur f. h. ríkis-
 sjóðs** (Jón Ásbjörnsson).

Lögtak fyrir þinggjaldi.

Lögtaksgjörð framkvæmd í fógatarétti Reykjavíkur 28. febrúar 1928.

Dómur hæstaréttar.

Með kaupmála, dags. 21. maí 1926 og skrásettum daginn eftir, giftingardag þeirra hjóna, áfrýjanda og konu hans, Lovísu Lúðviksdóttur, er meðal annars svo ákveðið: »Allir innanstokksmunir, hverju nafni sem nefnast, svo sem svefnherbergishúsgögn, borðstofuhúsgögn, matreiðslu- og eldhúsáhöld öll, hljóðfæri, málverk og annað skraut innanhúss, bæði það, sem við höfum nú þegar keypt eða kunnum síðar að eignast, skulu vera séreign mín, Lovísu Lúðviksdóttur«.

En 28. febr. 1928 var gjört lögtak í ýmsum innanstokksmunum á heimili nefndra hjóna fyrir þinggjaldi áfrýjanda 1927, að upphæð 540 kr. 84 aura.

Þessari lögtaksgjörð hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 24. apríl f. á., og krafizt ónýtingar hennar, til vara að nokkru leyti, og máls-

kostnaðar í hæstarétti. Telur hann lögtakið ranglega hafa verið gjört í munum, sem áfrýjandi átti ekki, heldur kona hans, og konan hafði eignast áður en hún giftist áfrýjanda, að mestu leyti sem arf eftir föður sinn. Þessu hefir stefndi mótmælt og krafizt staðfestingar lögtaksgjörðarinnar og málskostnaðar hér í rétti, þar sem áfrýjandi hafi keypt hin lögteknu húsgögn fyrir sitt fé eftir að þau hjónin giftust, enda hafi áfrýjandi ekki sannað, hvað af húsgögnunum kona hans hafi löglega eignast.

Samkvæmt lögum nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, er séreign ekki lögmælt sem almenn skipun á fjármálum hjóna. Ber því þeim, sem heldur fram séreign, að sanna hana. En áfrýjanda hefir ekki tekist að sanna það, gegn mótmælum stefnda, að lögteknu munirnir hafi orðið séreign konu hans, samkvæmt kaupmálanum eða með öðru löglegu móti.

Verður því að staðfesta lögtaksgjörðina, og þá jafnframt að skylda áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann ákveðinn 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Lögtaksgjörðinni skal óraskað.

Áfrýjandi, Sveinn J. Ásmundsson, greiði stefnda, lögreglustjóra Reykjavíkur f. h. rikissjóðs, 100 kr. málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.